



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Sorpa bs. og Metan ehf.
b.t. Björns H. Halldórssonar, framkvæmdastjóra
Gylfaflöt 5
112 Reykjavík

Reykjavík, 5. júlí 2019
Tilv.: 1606004

Hér með tilkynnist yður að Samkeppniseftirlitið hefur tekið meðfylgjandi ákvörðun nr. 22/2019, *Niðurfelling efnisskilyrða ákvörðunar nr. 33/2012 – lóðrétt samráð vegna metangass.*

Páll Gunnar Pálsson

Virðingarfyllst,
Samkeppniseftirlitið

Magnús Þór Kristjánsson

Meðfylgjandi: Ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 22/2019.





SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Eintak með trúnaði

Föstudagurinn, 5. júlí 2019

Ákvörðun nr. 22/2019

Niðurfelling efnisskilyrða ákvörðunar nr. 33/2012 – lóðrétt samráð vegna metangass

I.

Með ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 33/2012, *Lóðrétt samráð Sorpu bs., Metans ehf., N1 hf. og Orkuveitu Reykjavíkur um ákvörðun á smásöluverðs á metangasi*, og þeim skilyrðum sem sett voru með henni, var bundinn endir á lóðrétt samráð Sorpu bs., Metans ehf., N1 hf. (í dag Festi hf.) og Orkuveitu Reykjavíkur um ákvörðun smásöluverðs á metangasi. Upphaf málsins má rekja til þess að N1 upplýsti Samkeppniseftirlitið um samning á milli aðila málsins og óskaði eftir því að möguleg sekt fyrirtækisins yrði felld niður. Í kjölfarið óskuðu aðrir aðilar samstarfsins eftir niðurfellingu eða lækkun sekta og óskuðu eftir sáttarviðræðum við Samkeppniseftirlitið. Með sáttum, dags. 3. maí, 29. maí og 1. október 2012, gengust aðilar við því að hafa brotið gegn 10. gr. samkeppnislaga með samstarfi sínu. Þá féllust Sorpa, Metan og Orkuveita Reykjavíkur á að greiða sekt og hlíta ákveðnum skilyrðum í starfsemi sinni á þessu sviði.

Með ákvörðun þessari eru framangreind skilyrði ákvörðunar nr. 33/2012 tekin til endurskoðunar að kröfu aðila, sbr. VI. kafli stjórnisýslulaga nr. 37/1993. Með bréfi, dags. 23. maí 2019, komst Samkeppniseftirlitið að því frummati að ekki væru lengur forsendur til þess að viðhalda þeim efnisskilyrðum sem sett voru með ákvörðuninni.¹ Að undangenginni frekari meðferð málsins hefur Samkeppniseftirlitið komist að þeirri niðurstöðu að forsendur séu til þess að afnema tiltekin efnisskilyrði ákvörðunar nr. 33/2012, eins og gerð er nánari grein fyrir í ákvörðun þessari.

II.

Tildrög málsins má rekja til erindis frá Sorpu bs. og Metans ehf., dags. 30. maí 2016, þar sem óskað var eftir breytingum á umræddum skilyrðum.

Í erindi Sorpu og Metans var byggt á því að ófyrirséðar breytingar hefðu orðið á þeim mörkuðum sem vörðuðu framleiðslu og sölu á metangasi. Þær breytingar hefðu einkum falist í því að aukning í sölu á metani á bifreiðar hefði ekki þróast áfram eins og búist hefði verið við og framleiðsla Sorpu á metani væri nokkuð umfram eftirspurn auk þess sem framboðið ætti fyrirsjáanlega eftir að aukast. Að mati fyrirtækjanna væru þessar breytingar þess valdandi að rétt væri að endurskoða skilyrði ákvörðunar nr. 33/2012. Þann 16. maí

¹ Bréfið var sent til: Sorpu bs. og Metans, Festi hf. (áður N1 hf.), Orkuveitu Reykjavíkur, Íslenska gámafélagsins ehf., Gámaþjónustunnar hf., Olíuverzlunar Íslands hf., Skeljungs hf., Atlantsolíu ehf., Félags íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB), Kólku sf. og Kubbs ehf.



2016 sendi Sorpa Samkeppniseftirlitinu tillögu fyrirtækisins að breytingum á skilyrðum ákvörðunarinnar ásamt rökstuðningi.

Með bréfum, dags. 27. september 2016, óskaði Samkeppniseftirlitið eftir umsögnum hagsmunaaðila vegna beiðni Sorpu og Metan um endurupptöku. Bárust umsagnir frá Íslenska gámafélaginu ehf., N1 hf. og Olíuverzlun Íslands hf.

Í umsögn Íslenska gámafélagsins ehf. var lagst gegn því að skilyrði ákvörðunarinnar yrðu endurupptekin. Að mati fyrirtækisins höfðu aðstæður ekki breyst á þeim tíma, með þeim hætti að það réttlætti endurupptöku og hætta væri á að brot myndu endurtaka sig. Áætlanir Sorpu um markaðssetningu á metangasi væru óábyrgar og til þess fallnar að leiða til hækkunar á verði á vörunnar. Hætta væri á að Sorpa myndi mismuna viðskiptavinum.

Í umsögn Olíverzlunar Íslands var lögð áhersla á að gerðar yrðu breytingar á gildandi skilyrðum þannig að unnt yrði að gera tvíhliða sölusamninga á grundvelli gjaldskrár en ekki á grundvelli útboðs sem haldið væri á þriggja til fimm ára fresti. Jafnframt væri mikilvægt að tryggja að allir söluaðilar sætu við sama borð hvað varðar aðgang að dreifikerfi, en N1 væri eini flutningsaðilinn sem hefði aðgang að pípulögn frá Álfsnesi.

Festi (áður N1 hf.) lýsti þeirri afstöðu sinni í umsögn frá 18. október 2016 að skilyrðin hefðu átt sinn þátt í því að auka samkeppni í sölu á metangasi enda hefði smásöluaðilum á metani fjölgað í kjölfar setningu þeirra. Eðlilegt væri að starfsemi Sorpu og Metans væri takmörkuð við heildsölu metangass líkt og nú væri enda gæti orðið erfitt fyrir smásala að keppa við opinberan aðila sem réði yfir öllum metanbirgðum landsins. Þá væri umdeilanlegt hvort útboð á metani hefði skilað hagstæðari verðum til smásala eða neytenda. Verð hafi heldur hækkað undanfarin misseri þrátt fyrir minnkandi eftirspurn og litla verðbólgu. N1 teldi það ekki hafa úrslitaáhrif hér hvort selt væri eftir gjaldskrá eða að undangengnu útboði.

Með bréfi, dags. 20. október 2016, sendi Samkeppniseftirlitið Sorpu og Metan umsagnirnar til athugasemda. Athugasemdir Sorpu og Metan bárust með bréfi, dags. 26. október 2016 og í framhaldinu bárust Samkeppniseftirlitinu nánari upplýsingar um framleiðslugetu Sorpu á metani.

III.

Í framhaldinu tafðist meðferð málsins vegna anna við meðferð annarra mála hjá Samkeppniseftirlitinu, þ. á m. samrunamála sem bundin eru lögbundnum tímafrestum. Var Sorpu og Metan tilkynnt um tafir á afgreiðslu málsins með tölvubréfum, dags. 25. janúar og 11. maí 2017. Þann 21. febrúar 2018 átti Samkeppniseftirlitið fund með Sorpu þar sem rætt var um málið og mögulegt samstarf Sorpu og [Strætó bs.]² vegna notkunar á metangasi. Sorpa sendi síðan Samkeppniseftirlitinu bréf þann 7. maí 2018 þar sem óskað var eftir leiðbeiningu teldi eftirlitið einhverja augljósa annmarka vera á fyrirætlunum.

Þann 27. júní 2018 átti Samkeppniseftirlitið samtalið við lögmann Sorpu og Metan þar sem upplýst var að enn væri til skoðunar mögulegt samstarf við [Strætó]³ og að fyrirtækin teldu enn þörf á því að endurskoða skilyrði ákvörðunar nr. 33/2012. Með bréfi, dags. 7. ágúst

² Trúnaðarmál.

³ Trúnaðarmál.



2018, veitti Samkeppniseftirlitið leiðbeiningu til Sorpu og Metan vegna mögulegs samstarfs við [Strætó].⁴ Í bréfinu kom fram að fyrirtækin þyrftu að huga að því að samstarf þeirra væri í samræmi við ákvæði 10. gr. samkeppnislaga, sbr. 15. gr. laganna. Var það jafnframt mat Samkeppniseftirlitsins að óvíst væri hvort sala Sorpu og Metans á metangasi til [Strætó]⁵ teldist uppfylla skilyrði ákvörðunar nr. 33/2012. Loks var í bréfinu tilkynnt um tafir sem orðið höfðu og fyrirsjáanlega yrðu á endurupptökubeiðni Sorpu og Metans.

Þann 29. janúar 2019 átti Samkeppniseftirlitið fund með Sorpu þar sem meðal annars var fjallað um beiðni Sorpu um endurupptöku skilyrðanna. Í kjölfar frekari samskipta sendi lögmaður Sorpu og Metan með tölvubréfi, dags. 29. mars 2019, tillögu þar sem lögð var til frekari breyting á skilyrðum ákvörðunar nr. 33/2012 sem einkum miðaði að því að einfalda sölu á metangasi og opnaði á möguleikann til þess að selja metan til stórnotenda.

Í kjölfar nánari skoðunar á framkomnum sjónarmiðum komst Samkeppniseftirlitið að þeirri frumniðurstöðu að ekki væru lengur forsendur til þess að viðhalda þeim efnisskilyrðum sem sett voru með ákvörðun nr. 33/2012. Með bréfi, dags. 23. maí 2019, kynnti Samkeppniseftirlitið hagsmunaaðilum þetta frummat sitt og gaf þeim færi á að koma athugasemdum við það.⁶ Efnislegar athugasemdir bárust frá einum aðila.

IV.

Með framangreindri ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 33/2012 og þeim skilyrðum sem sett voru í tengslum við hana var bundinn endir á lóðrétt samráð Sorpu bs., Metans ehf., N1 hf. (í dag Festi hf.) og Orkuveitu Reykjavíkur um ákvörðun smásöluverðs á metangasi. Upphaf málsins má rekja til þess að N1 upplýsti Samkeppniseftirlitið um samning á milli aðila málsins og óskaði eftir því að möguleg sekt fyrirtækisins yrði felld niður. Í kjölfarið óskuðu aðrir aðilar samstarfsins eftir niðurfellingu eða lækkun sekta og óskuðu eftir sáttarviðræðum við Samkeppniseftirlitið. Með sáttum, dags. 3. maí, 29. maí og 1. október 2012, gengust aðilar við því að hafa brotið gegn 10. gr. samkeppnislaga með samstarfi sínu. Þá féllust Sorpa, Metan og Orkuveita Reykjavíkur á að greiða sekt og hlíta ákveðnum skilyrðum í starfsemi sinni á þessu sviði.

Þau efnisskilyrði sem Sorpa og Metan féllust á að hlíta voru eftirfarandi:

- 1. Félögin skilgreini sig sem framleiðanda á metani og annist eingöngu heildsölu á þeirri framleiðslu. Þannig bjóði hvorugt félagið upp á dreifingu og smásölu á metani.*
- 2. Félögin skuldbinda sig til að hafa engin afskipti af verðlagningu á næsta sölustigi. Félögin skuldbinda sig jafnframt til að hafa engin afskipti af skipulagi markaðarins að öðru leyti en leiðir af starfsemi þeirra á framleiðsluhlið markaðarins.*
- 3. Sorpa mun ganga frá sölusamningum á heildsölustigi á því metani sem framboð er af á hverjum tíma. Til að tryggja gagnsæi og að jafnræðis sé gætt skulu slíkir sölusamningar gerðir á grundvelli útboðs, sem fram fari eigi síðar*

⁴ Trúnaðarmál.

⁵ Trúnaðarmál.

⁶ Bréfið var sent til: Sorpu bs. og Metans, Festi hf. (áður N1 hf.), Orkuveitu Reykjavíkur, Íslenska gámafélagsins ehf., Gámapjónustunnar hf., Olíuverzlunar Íslands hf., Skeljungs hf., Atlantsolíu ehf., Félags íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB), Kólku sf. og Kubbs ehf.



en í janúar 2013 og á þriggja til fimm ára fresti eftir það. Með hliðsjón af framboði og eftirspurn metans hverju sinni, skal Sorpa við framkvæmd útboðs kappkosta að bjóða metan til fleiri en eins aðila í senn, á grundvelli viðskiptalegra forsendna.

Þá skal heildsala á metani vera sjálfstæð uppgjörseining og sérstaklega aðgreind í bókhaldi Sorpu.

Þau efnisskilyrði sem Orkuveita Reykjavíkur féllst á að hlíta voru eftirfarandi:

1. Orkuveita Reykjavíkur skilgreini sig sem flutningsaðila á metani og komi þannig hvorki að framleiðslu, markaðssetningu, heildsölu né smásölu á metani.
2. Orkuveita Reykjavíkur skuldbindur sig til að hafa engin afskipti af verðlagningu á næsta sölustigi. Orkuveita Reykjavíkur skuldbindur sig jafnframt til að hafa engin afskipti af skipulagi markaðarins að öðru leyti en leiðir af starfsemi Orkuveitunnar sem flutningsaðila á metani.
3. Orkuveita Reykjavíkur mun ganga frá samningum um flutning á metani í samræmi við flutningsgetu lagnarinnar og óskir viðsemjenda á hverjum tíma. Með hliðsjón af framboði og eftirspurn metans hverju sinni, skal Orkuveitan kappkosta að bjóða flutning metans til fleiri en eins aðila í senn, á grundvelli viðskiptalegra forsendna og skuldbindur sig til að synja engum sem uppfyllir hlutlæg skilyrði, þ.m.t. um flutningsgetu lagnar og um aðgang að metanflutningskerfi sínu. Skal þess gætt að verð fyrir tengingu við lögnina skapi ekki aðgangshindrun fyrir nýja aðila með ómálefnalegum hætti.

Að öðru leyti vísast til ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins nr. 33/2012.

V.

Líkt og áður segir var það frummat Samkeppniseftirlitsins að ekki væru forsendur til þess að viðhalda þeim skilyrðum sem sett voru vegna lóðrétt samráðsins í ákvörðun nr. 33/2012, *Lóðrétt samráð Sorpu bs., Metans ehf., N1 hf. og Orkuveitu Reykjavíkur um ákvörðun á smásöluverðs á metangasi*. Byggði það frummat á því, annars vegar að brot hefur verið stöðvað og hins vegar að breyttar aðstæður varðandi sölu á metani kalla á endurskoðun skilyrðanna.

Samkeppniseftirlitið leitaði sjónarmiða hagsmunaaðila vegna þessa frummats með bréfum, dags. 23. maí 2019. Bárust athugasemdir frá einum aðila. Þá höfðu þrjár aðrar umsagnir borist á fyrri stigum málsins, sbr. umfjöllun í kafla II. Vikið verður að þessum sjónarmiðum eftir því sem við hér á eftir.

Það er niðurstaða Samkeppniseftirlitsins í málinu að framangreint frummat eigi að standa óbreytt. Verður það rökstutt nánar hér á eftir.

Brot gegn 10. gr. samkeppnislaga hefur verið stöðvað

Í samningi N1, Sorpu, Metans og Orkuveitu Reykjavíkur frá 23. febrúar 2007 var m.a. kveðið á um hvert smásöluverð metans skyldi vera, grunnverð þess og hvernig ákvörðun smásöluverðs yrði tekin. Samkvæmt samningnum voru hlutverk hvers samningsaðila skilgreind þannig að Sorpa teldist framleiðandi metangass, Metan sæi um heildsölu, þróun og umsjón, Orkuveita Reykjavíkur væri flutningsaðili og Olúfélagið, síðar N1, sæi um



smásölu. Nánar er fjallað um brotin í kafla II. 3. ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins nr. 33/2012.

Með framangreindum sáttum viðurkenndu aðilar samstarfsins brot gegn 10. gr. samkeppnislaga vegna lóðréttis samráðs þeirra. Þá féllu ólögmaet ákvæði samningsins úr gildi og hætt var að starfa eftir þeim, sbr. 33. gr. samkeppnislaga. Auk þess féllust Sorpa, Metan og Orkuveita Reykjavíkur á að hlíta framangreindum efnisskilyrðum í starfsemi sinni. Hefur framkvæmd þeirra m.a. leitt til þess að smásöluaðilum metans hefur fjölgað úr einum í þrjá. Hefur því verið komið í veg fyrir það lóðréttta samráð sem fjallað var um í ákvörðun eftirlitsins nr. 33/2012 og þegar hefur verið starfað eftir skilyrðum ákvörðunarinnar í tæplega sjö ár.

Breyttar forsendur vegna sölu á metani

Í erindi Sorpu og Metans er á því byggt að aðstæður hvað varðar sölu á metangasi sem orkugjafa hafi breyst umtalsvert frá árinu 2012 þegar framangreindar sáttir voru undirritaðar. Þannig hafi Norðurorka hafið sölu á metani á Akureyri í samstarfi við Olíuverzlun Íslands hf. en þó sé um að ræða takmarkað magn. Auk þess liggur fyrir að söluaðilum metans í smásölu hefur fjölgað úr einum í þrjá frá þeim tíma sem skilyrðin voru sett.

Samkvæmt Sorpu og Metan hafi eftirspurn eftir metani aukist mikið fram til ársins 2012 en frá þeim tíma til ársins 2015 hafi eftirspurnin hins vegar tekið að minnka eða um [8,2]% [5-10]%. Það sé öfugt við framboðið en framleiðslugeta á metani muni aukast umtalsvert með tilkomu gas- og jarðgerðarstöðvar Sorpu sem sé í undirbúningi. Líta beri til þess að framleiðsla Sorpu á metani sé óháð eftirspurn enda beri félaginu samkvæmt starfsleyfi að safna hauggasi og umframframleiðslu þurfi að brenna. Metangas sé nú selt á fleiri afgreiðslustöðum á höfuðborgarsvæðinu en áður eða á afgreiðslustöðvum Olíuverslunar Íslands hf. í Mjódd og við Glæsibæ, N1 á Bíldshöfða og Skeljungu/Orkunnar við Miklubraut. Þrátt fyrir fleiri sölustaði hafi salan dregist saman, sbr. framangreint.

Í ljósi aukinnar framleiðslugetu Sorpu á metani og samdráttar í sölu síðustu ár telji Sorpa nauðsynlegt að leita leiða til að stuðla að aukinni notkun þessa eldsneytis. Þá sé ljóst að ávinningur af aukinni notkun metans sé fjölbættur, bæði fyrir samfélagið og ekki síður umhverfið.

Liggur fyrir samkvæmt sjónarmiðum Sorpu að stórnotendur hafa sýnt því áhuga að nýta metan sem orkugjafa, s.s. fyrirtæki í iðnaði og aðilar sem reka stærri bílaflota. Samkeppniseftirlitinu hafa einnig borist óformleg sjónarmið sem gefa þetta til kynna.

Að mati Samkeppniseftirlitsins réttlæta þessar breyttu aðstæður endurskoðun skilyrða ákvörðunar nr. 33/2012.

Um sjónarmið hagsmunaaðila

Í kjölfar þess að Samkeppniseftirlitið kynnti hagsmunaaðilum frummat sitt barst aðeins umsögn frá einum aðila, þ.e. Olíuverzlun Íslands hf. þar sem fyrri sjónarmið fyrirtækisins eru áréttuð. Þannig byggir fyrirtækið á því að nauðsynlegt sé að allir söluaðilar sitji við sama borð þegar kemur að gaslögn Orkuveitu Reykjavíkur og eðlilegt sé að Orkuveitan bjóði sömu þjónustu til annarra söluaðila á metangasi gegn sama gjaldi og til N1.



Samkvæmt gildandi skilyrðum er ekki gerð krafa um það að Orkuveita Reykjavíkur leggi nýjar leiðslur fyrir metan. Aftur á móti kemur fram í skilyrðunum að Orkuveitan skuli „kappkosta að bjóða flutning metans til fleiri en eins aðila í senn, á grundvelli viðskiptalegra forsendna og skuldbindur sig til að synja engum sem uppfyllir hlutlæg skilyrði, þ.m.t. um flutningsgetu lagnar og um aðgang að metanflutningskerfi sínu. Skal þess gætt að verð fyrir tengingu við lögnina skapi ekki aðgangshindrun fyrir nýja aðila með ómálefnalegum hætti.“

Að mati Samkeppniseftirlitsins verður að líta til þess að lagning leiðslu fyrir flutning á metangasi er dýr framkvæmd, sérstaklega þegar um er að tefla lengri vegalengdir. Þannig er það eðlileg krafa að sá sem óskar eftir aðgangi að þessari þjónustu Orkuveitunnar nýti sér þá lögn sem þegar hefur verið lögð eða taki þátt í kostnaði við tengingu við hana. Í þessu samhengi er mikilvægt að líta til þess að ekki er um ræða einu raunhæfu flutningsleið metans frá framleiðslustað til notkunarstaðar en metan hefur verið flutt í tönkum til sölustaða sem staðsettir eru fjær Álfsnesi.

Komi aftur á móti til þess að Orkuveita Reykjavíkur neiti nýjum aðilum um aðgang að leiðslunni með ómálefnalegum hætti, sem t.d. hyglir einum viðskiptavin umfram aðra, kann slík háttsemi að varða við 10. eða 11. gr. samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitinu hafa ekki borist kvartanir um að Orkuveitan hafi brotið gegn skilyrðum ákvörðunar nr. 33/2012 í starfsemi sinni.

Í umsögn Íslenska gámafélagsins frá árinu 2016 var lagst gegn endurupptöku skilyrðanna þar sem aðstæður hefðu ekki breyst og hætta væri á því að fyrri brot yrðu endurtekin. Í þessu samhengi verður að mati Samkeppniseftirlitsins að líta til þess að með sáttunum og sektum sem fyrirtækin féllust á að greiða var hið lóðrétt samráð leyst upp. Þá ber einnig að líta til þess að það voru fyrirtækin sjálf, að eigin frumkvæði, sem upplýstu um brotið. Myndu aðilar málsins á ný gerast brotlegir gegn 10. gr. samkeppnislaga í starfsemi sinni fælist í því sjálfstætt brot gegn ákvæðinu óháð skilyrðunum.

Að mati Samkeppniseftirlitsins er ekki heldur ástæða til þess að viðhalda skilyrðunum vegna áhyggna Íslenska gámafélagsins af niðurgreiðslu kynningarstarfsemi með öðrum rekstri. Þannig er Metan rekið í sérstöku félagi og starfsemi þess er þegar bókhaldslega aðskilin frá annarri starfsemi Sorpu og engar breytingar standa til á því fyrirkomulagi samkvæmt byggðasamlaginu. Komi til slíkrar niðurgreiðslu gæti hún falið í sér sjálfstætt brot á 11. gr. samkeppnislaga og gæfi mögulega tilefni til þess að beita heimild 14. gr. samkeppnislaga til fjárhagslegs aðskilnaðar. Varðandi áhyggjur af mögulegri mismunun í verði á metangasi til viðskiptavina ber að líta til þess að Sorpa er eini framleiðandi metans á höfuðborgarsvæðinu og gæti slík verðmismunun því mögulega falið í sér brot gegn 11. gr. samkeppnislaga.

Niðurstaða Samkeppniseftirlitsins

Í ljósi framangreinds, þ.e. að brot hefur verið stöðvað og aðstæður eru breyttar, telur Samkeppniseftirlitið að forsendur séu til þess að afnema framangreind efnisskilyrði sem sett voru með ákvörðun eftirlitsins nr. 33/2012.



Þannig fær Samkeppniseftirlitið ekki séð efnisskilyrðin þurfi að gilda áfram. Hvað varðar afmörkun á því stigi markaðarins sem Sorpa og Orkuveita Reykjavíkur starfa á ætti sú ákvörðun að vera tekin á viðskiptalegum forsendum hvors fyrirtækis fyrir sig enda lóðrétt samráð ekki lengur til staðar. Hvað varðar bann við því að hafa afskipti af verðlagningu hjá öðrum aðilum má vísa til framangreinds um stöðvun samráðsins og þess að slík afskipti myndu eftir sem áður geta falið í sér brot gegn 10. gr. samkeppnislaga. Loks hvað varðar tilhögun tilboðsgerðar telur Samkeppniseftirlitið að breyttar forsendur kalli ekki á útboð þar sem fyrir liggur að framboð af metani hefur að undanfögnu verið meira en eftirspurn eftir orkugjafanum. Eftir sem áður munu bæði Sorpa, Metan og Orkuveita Reykjavíkur vera bundin af almennum reglum samkeppnislaga, þ.á m. 10. og 11. gr. laganna. Til þess ber að líta að Sorpa er, eins og sakir standa, eini heildsali metans á höfuðborgarsvæðinu og stöðu sinnar vegna mun Sorpa áfram þurfa að gæta að gagnsæi og jafnræði í verðlagningu og öðrum skilmálum viðskiptavina.

Með heimild í VI. kafla stjórnsýslulaga falla því úr gildi efnisskilyrði ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins nr. 33/2012, *Lóðrétt samráð Sorpu bs., Metans ehf., N1 hf. og Orkuveitu Reykjavíkur um ákvörðun á smásöluverðs á metangasi*. Nánar tiltekið er um að ræða skilyrði 1. til 3. tl. 2. gr. og 1. til 3. tl. 3. gr. skilyrðanna, sbr. sátt Samkeppniseftirlitsins og Sorpu og Metan, dags. 3. maí 2012, og sátt eftirlitsins og Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 1. október 2012.

VI.

Ákvörðunarorð:

„Með ákvörðun þessari falla úr gildi efnisskilyrði ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins nr. 33/2012, Lóðrétt samráð Sorpu bs., Metans ehf., N1 hf. og Orkuveitu Reykjavíkur um ákvörðun á smásöluverðs á metangasi. Nánar tiltekið er um að ræða skilyrði 1. til 3. tl. 2. gr. og 1. til 3. tl. 3. gr. skilyrðanna.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson